

# Fundargerð 94. fundar

## verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2024, mánudaginn 19. febrúar kl. 10:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Viggó Gunnarsson, Benedikt Traustason, Hildigunnur Rut Jónsdóttir, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Stefán Aspar Stefánsson og Steinþór Þórðarson.

Að auki sátu fundinn Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, Huguína Geirsdóttir verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð og Helga María Pálsdóttir sviðsstjóri.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð síðasta fundar - 2210013SA**

Fundargerð 93. fundar samþykkt samhljóða.

**2. Meðhöndlun dýraleifa - 2305036SA**

Lagt var fram bréf Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins (URN) til sambandsins um meðhöndlun dýraleifa, dags. 29. janúar sl. Í bréfinu er brugðist við frétt sambandsins, dags. 14. des. 2023, um ábyrgð sveitarfélaga á aukaafurðum dýra. Í fréttinni kemur fram að söfnun, flutningur og önnur meðhöndlun aukaafurða dýra sé ekki lögbundið hlutverk sveitarfélaga. Fréttin byggði á minnisblaði sambandsins um málið, dags. 4. júlí 2023. Minnisblað sambandsins og bókun stjórnar sambandsins um málið, dags. 22. júní 2023, var sent til matvælaráðuneytisins og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti sama dag og umrætt minnisblað var gefið út. Óskaði sambandið jafnframt eftir samtali til að finna lausnir á þessu álitamáli en fékk engin viðbrögð.

Ljóst er að afstaða ráðuneytisins fer ekki saman við niðurstöðu minnisblaðs sambandsins sem var þó vel kynnt fyrir ráðuneytinu við útgáfu þess. Í flestum tilvikum eru aukaafurðir dýra ekki úrgangur og ótækt að sveitarfélög beri ábyrgð við að byggja upp innviði fyrir slíkt hráefni. Hagrænir hvatar þurfa að vera til staðar svo aukaafurðir dýra skili sér í tilskilinn farveg frekar en í úrgangsmeðhöndlun.

Að mati verkefnisstjórnar er frumkvæði umhverfis- loftslags- og orkumálaráðuneytisins (URN) að því að skýra frá mati ráðuneytisins á ábyrgð sveitarfélaga á meðhöndlun dýraleifa jákvætt skref. Ljóst er af dómi EFTA frá júlí 2022, sem ríkið fékk á sig, að það hefur verið óheimilt að urða dýraleifar og ríkinu bar að láta það ekki viðgangast. Verkefnisstjórnin undirstrikar mikilvægi þess að þeirri ábyrgð sé ekki velt yfir á sveitarfélögin. Í bréfi ráðuneytisins er látið að því liggja að hægt sé að ákveða fyrirfram að dýraleifar skuli fara í þá

meðhöndlun sem tilgreind er í úrgangsregluverkinu án frekari rökstuðnings, þar með beri sveitarfélög ábyrgðina í stað þess að þau séu meðhöndluð á grundvelli regluverks um aukaafurða dýra þar sem sláturleyfishafar bera ábyrgðina.

Verkefnisstjórnin telur umhugsunarvert ef álit URN er á þann veg að handhafar dýraleifa, sláturleyfishafar, geti jafnvel ákveðið sjálfir hvort er. Þá verður að telja ósennilegt að slík túlkun samræmist markmiði laga um meðhöndlun úrgangs sem kveður á um að skapa skuli skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis. Ef það er ákvörðun handhafa dýraleifa hvaða farveg skuli velja eru yfirgnæfandi líkur á því að slík ákvörðun mun stjórnast af hagrænum þáttum. Óljóst er hvort hagrænir hvatar séu eða verði til staðar til að handhafar aukaafurða skili þeim fremur í farveg aukaafurða dýra en í úrgangsmeðhöndlun. Að mati verkefnisstjórnar gengur það gegn áherslum hringrásarhagkerfisins að leyfa dýraleifum að verða að úrgangi, sem síðan er meðhöndlaður er með brennslu, sendur til urðunar eða til notkunar í lífgas- eða myltingarstöð.

Verkefnisstjórnin óskar eftir að sambandið eigi fund með URN og Matvælaráðuneytinu til að leita leiða til að skapa hvata til að aukaafurðir dýra séu í meira mæli meðhöndlaðar á forsendum hringrásarhagkerfisins og greind verði í því samhengi ábyrgð handhafa aukaafurða dýra á að koma því sem til fellur í slíka farvegi.

### **3. Kynningarmál og endurmörkun sambandsins - 2210013SA**

Í undirbúningi er að endurskoða upplýsinga- og kynningarmál sambandsins. Samskiptastjóri sambandsins, Grétar Sveinn Theodórsson, hefur umsjón með verkefninu og sagði verkefnisstjórn frá helstu breytingum.

Steinþór vék af fundi kl. 10:53

### **4. Umsögn sambandsins við fyrirhugaðar breytingar á byggingareglugerð - 2401033SA**

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) óskaði eftir umsögn sambandsins, með tölvupósti dags. 23. janúar, um breytingar á tillögum að breytingu á gr. 6.12.7 og gr. 6.12.8 byggingareglugerðar nr. 112/2012 sem lagt verður til að verði hluti af 14. breytingu á byggingareglugerðinni. Harpa C. Ingólfssdóttir, sérfræðingur hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS), kom á fundinn og ræddi fyrirbyggjandi tillögur. Hluti breytinganna varða kröfur sem gerðar eru til staðsetningu íláta undir úrgang við nýbyggingar og er lagt til að horft sé meira til algildrar hönnunar við hönnun lausna fyrir söfnun úrgangs við byggingar. HMS leggur til að hámarksfjarlægð frá inngangi að íláti úrgangs hækki úr 25 metrum í 50 metra. Ennfremur er lagt til að ílát skulu vera staðsett á lóð viðkomandi mannvirkis og/eða á annarri lóð sem er í tengslum við lóð mannvirkis og er í eigu sama aðila. Heildarendurskoðun á byggingareglugerð á að ljúka í árslok og mun HMS leita eftir frekara samráði um málið. Valgerður Rún Benediktsdóttir, yfirlögfræðingur sambandsins, fór yfir umsögn sambandsins, dags. 1. febrúar sl. Þar er m.a. bent á ósamræmi á hugtakanotkun annarsvegar í lögum um meðhöndlun úrgangs og hinsvegar í

byggingareglugerðinni. Auk þess sem hvatt er til þess að horft verði bæði til aðgengi hirðuaðila og notenda að ílátum og horft sé til aukins svigrúms til fjarlægðarmarka. Sambandið benti á að gæta þarf samræmis á milli reglugerðar og laga um meðhöndlun úrgangs t.a.m. hvað varðar heimildir lóðarhafa til að sameinast um ílát fyrir úrgang. Jafnframt telur sambandið brýnt að gerð sé handbók um hönnun og skipulag í kringum söfnun og aðra meðhöndlun úrgangs.

Verkefnisstjórn tekur undir umsögn sambandsins og telur fyrirhugaðar breytingar ákveðið áhyggjuefni þar sem þær geti bæði hamlað ákveðinni þróun í íbúabyggð og kemur í veg fyrir að sveitarfélög geti hagað hirðu úrgangs þannig að hún verði skilvirkari og ódýrari fyrir notendur. Verkefnisstjórn vill árrétta að það er ekki samasemmerki á milli fjarlægðar að ílátum frá inngangi og góðu aðgengi. Verkefnisstjórn beinir því til HMS að horfa til viðtækari breytinga á byggingareglugerð svo að skipulag og hönnun byggðar samræmist betur markmiðum laga um meðhöndlun úrgangs og að breytingar sem gerðar eru á byggingareglugerð geti gilt til lengri tíma. Verkefnisstjórn telur brýnt að hafist verið handa við gerð handbókar um hönnun og skipulag í kringum söfnun og meðhöndlun úrgangs.

Magnús B. Jónsson kom inn á fundinn undir þessum lið kl. 11:14.

#### 5. **Starfsleyfi og eftirlit með urðunarstöðum - 2401038SA**

Inn á fundinn komu Kristín Kröyer og Halla Margrét Viðarsdóttir, sérfræðingar Umhverfisstofnunar, til að kynna ábendingar til sveitarfélaga um meðhöndlun mengaðs jarðvegs. Stofnunin vekur athygli á atriðum er varða ábyrgð og skyldur sveitarfélaga m.t.t. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg og væntanlegs regluverks frá Evrópusambandinu um mengaðan jarðveg (e. soil monitoring law). Leggur stofnunin áherslu á skyldu sveitarfélaga til að hafa farvegi fyrir meðhöndlun á menguðum jarðvegi. Einnig kemur stofnunin á framfæri upplýsingum um starfsleyfisskyldu vegna hreinsunar og meðhöndlunar á jarðvegi sem telst vera mengaður. Engin viðeigandi meðhöndlunarleið er fyrir mengaðan jarðveg innanlands í dag og urðunarstaðir héraðs hafa ekki heimild í sínum starfsleyfum til móttöku þessa úrgangs. Stofnunin bendir á að sveitarfélög geti farið þá leið að koma upp millilager, sem eru starfsleyfisskildir staðir hjá heilbrigðiseftirlitum, þar sem hægt er að geyma og greina mengaðan jarðveg og honum svo komið í ákveðna nýtingarleið eftir atvikum. Stofnunin vinnur að gerð leiðbeininga um hvaða skilyrði eru um meðhöndlun jarðvegs og óvirks úrgangs þegar annars vegar er um að ræða fyllingu og hins vegar urðun. Leiðbeiningarnar verða aðgengilegar á heimasíðu stofnunarinnar. Stofnuninni er þakkað fyrir kynningu á máli en ýmsar spurningar vakna óhjákvæmilega við ábendingarnar, m.a. hver séu næstu skref sveitarfélaga í þessum efnum. Illskárra sé að mengaður úrgangur rati inn á urðunarstaði heldur en að hann sé afsettur á ótilgreindu svæði. Þá er einnig óljóst hvernig eftirliti yrði háttað, bæði með því að þessi tegund úrgangs skili sér sannanlega til viðeigandi meðhöndlunar og líka inn á svokölluðum millilagerum. Sveitarfélög þurfa tíma til að bregðast við og skýra ábyrgð á hver ber að meðhöndla þennan úrgang og bera kostnað af.

**6. Innkaupasamningar Ríkiskaupa um úrgangspjónustu - 2308026SA**

Pétur Sigurðsson, verkefnisstjóri rammasamninga hjá Ríkiskaupum, sagði frá núverandi fyrirkomulagi á rammasamningi fyrir úrgangspjónustu. Í dag er rammasamningur við Íslenska gámafélagið um leigu og losun íláta og meðhöndlun eftir söfnun fyrir 25 mismunandi úrgangsflokka. Samningurinn takmarkast við stofnanir sveitarfélaga og ríkisstofnana á höfuðborgarsvæðinu en Ríkiskaup vilja láta hann ná til fleiri landshluta. Í því samhengi óskar Ríkiskaup eftir upplýsingum frá sveitarfélögum vítt og breitt um landið hvernig nýr rammasamningur geti mætt þörfum þeirra. Samhljómur var um að Ríkiskaup geti notið aðstoðar sambandsins og verkefnisstjórnar til að ná fram þeim upplýsingum.

**7. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald - 2402025SA**

Sambandið vinnur að umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002 (hringrásarhagkerfi, umbúðir, ökutæki o.fl.) sem birtist í samráðsgátt stjórnvalda 5. febrúar sl. Sambandið gerði umsögn um málið á fyrri stigum, dags. 18. september 2023, þegar áformaskjal fyrirhugaðra breytinga voru kynntar í samráðsgáttinni. Helga María Pálsdóttir, sviðsstjóri stjórnssýslusviðs sambandsins, sagði frá helstu áherslum sambandsins í umsögninni sem unnið er að. Í umsögninni eru áherslur sambandsins ítrekaðar frá fyrri umsögn og vonbrigðum lýst yfir með að engar af þeim ábendingum hafi skilað sér í núverandi frumvarpsdrög. Jafnframt telur sambandið mikilvægt að horft sé á kerfið í heild og tekið tillit til hvata sem nauðsynlegir eru til að ná fram þeim markmiðum sem stefnt er að í meðhöndlun úrgangs og innleiðingu hringrásarhagkerfis. Er það mat sambandsins að frumvarpið í óbreyttri mynd sé ekki til þess fallið að svara ákalli, sem nú er uppi og hefur verið uppi um nokkurt skeið, um heildarendurskoðun á framlengda framleiðandaábyrgð og starfsemi ÚVS. Þá bendir sambandið á að setja þarf ákvæði í lög um skyldur þjónustuaðila til að skila sjóðnum gögnum sem þurfa að liggja til grundvallar vegna greiðslna fyrir sérstaka söfnun auk þess að benda á tækifæri til aukins samstarfs á milli Umhverfisstofnunar og Úrvinnslusjóð, er heyra báðar undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti, hvað varðar gagnaskil á úrgangsmagni- og tegund. Að lokum bendir sambandið á að skoða þurfi frumvarpsdrögin með það fyrir augum hvort tollaflokkarnir sem taldir eru upp í frumvarpsdrögunum muni breyta skilgreiningu á hugtakinu veiðarfæraúrgangur sem inniheldur plast og þá hvort frumvarpið muni hafa áhrif á veiðarfærasamninginn.

**8. Önnur mál - 2009111SA**

Ákveðið að halda 95. fund verkefnisstjórnar í fjarfundi, mið. 13. mars frá kl. 10-12.

Fundi var slitið kl. 12:12

---

Jón Viggó Gunnarsson

---

Benedikt Traustason

---

Hildigunnur Rut Jónsdóttir

---

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

---

Stefán Aspar Stefánsson

---

Steinþór Þórðarson